



## Reglur um styrki til framboða í sveitarstjórnarkosningum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Reglur þessar eru til að tryggja jafnræði þeirra framboða sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Forsvarsmaður framboðs skal tilkynna sveitarstjóra um fyrirhugað framboð og tekur þá gildi eftirfarandi stuðningur við framboðið.

### 1. Aðgangur framboða að húsnæði sveitarfélagsins

Framboðum er heimilaður aðgangur að húsnæði sveitarfélagsins sem hentar til að halda fundi án endurgjalds, bæði til undirbúnings framboðs, en einnig til að halda opna framboðsfundi.

### 2. Prentun kynningarefnis

Á skrifstofu sveitarfélagsins er ljósritunarvél/prentari þar sem framboð hafa rétt á að prenta einn bækling án endurgjalds, í því magni sem dugar til að dreifa til allra íbúa í sveitarfélaginu. Prentun miðast við prentun á almennan pappír. Kjósi framboð að prenta á annars konar pappír skulu þau sjálf leggja hann til. Ekki er greitt fyrir póstburðargjöld.

### 3. Fjárhagslegur styrkur

Framboð fá styrk að upphæð 120.000 kr. sem greiða skal til framboðsins eftir að kjörstjórn hefur staðfest lögmæti framboðsins. Styrkurinn er bundinn vísitölu neysluverðs, sem í janúar 2026 er 658,2. Uppreikna skal styrkinn í samræmi við vísitölu til hækkunar í janúar á kosningaári.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 17. desember 2025.

---

Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri